

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 13. apríl 2021
UST202103-072/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði á Langjökli.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa Bláskógabyggðar er barst 3. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu vegna breytingar á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði á Langjökli.

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi felur í sér að skilgreina afþreyingar- og ferðamannasvæði í suðurhlíðum Langjökuls. Auk þess kemur fram að áformað er að gera íshelli í suðurhlíðum Langjökuls og áætlað er að um 55.000 manns sæki Suðurjökul á hverju ári.

Óbyggð víðerni

Í 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, er fjallað um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, í e. lið. 1. mgr. segir: „*Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.*“

Í greinargerð kemur fram að breytingin á aðalskipulaginu felur í sér að skilgreina afþreyingar- og ferðamannasvæði, m.a. fyrir jeppa og vélsleðaferðir allt árið um kring.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum þar sem hægt sé að njóta einveru og náttúrunnar án truflunar umferðar vélknúinna farartækja.

Umhverfisstofnun vill auk þess benda á að lögum nr. 60/2013 var nýverið breytt með lögum nr. 6/2021 en með lögunum var gerð sú breyting að ráðherra er heimilt að setja reglugerð um kortlagningu óbyggðra víðerna. Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um þau víðmið og forsendur sem liggja til grundvallar kortlagningunni. Kort með upplýsingum um óbyggð víðerni skal vera til upplýsinga fyrir stjórnvöld við stefnumótun um verndun landslags og aðra landnotkun.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur

